

lagsskrá þessari ekki breytt, nema tillaga um það hafi verið samþykkt af  $\frac{3}{4}$  hlutum 55  
stjórnarmanna og síðar af  $\frac{3}{4}$  framkvæmdanefndarmanna og gæzlumanna barna- 31. marz  
stúknanna í Reykjavík.

## 10. gr.

Ef allar barnastúkur landsins og Stórstúka Íslands verða lagðar niður, hverfur sjóður þessi undir yfirstjórn fræðslumála Íslands og skal tekjum hans þá varið til að styrkja til tónlistarnáms íslenzk börn, sem sýna framúrskarandi hæfileika á því sviði.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, er hún hefur verið samþykkt af Ungtemplara-  
ráði Reykjavíkur, stórgæzlumanni ungtemplara og stórtemplar í Stórstúku Íslands  
IOGT. Sömu skilyrðum eru háðar breytingar, sem kunna að verða gerðar á skipu-  
lagsskránni samkvæmt 9. gr.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.  
Samþykkjum skipulagsskrá þessa.

Reykjavík, 18. febrúar 1949.

F. h. Ungtemplararáðs Reykjavíkur

Gissur Pálsson.

Ingimar Jóhannesson.

Þóra Jónsdóttir,  
stórgæzlum. ungtemplara.

Kristinn Stefánsson,  
stórtemplar.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð,  
öryggi o. fl., nr. 117 9. október 1948.

56

12. apríl

Önnur málsg. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flugtak: 65 metra (200 fet) skýjahæð,  $\frac{3}{4}$  km ( $\frac{1}{2}$  míla) skyggni, að degi  
eða nóttu.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um  
loftferðir, og lögum nr. 95 28. desember 1946, um, að ákvæði samnings frá 7. okt.  
1946, við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Öðlast reglugerðarbreytingin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,  
sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*